Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Reykjavíkurborg.
Fjárhæðir krafna í kr.: 90.387.

2014015508)

Heiti eignar: Rósarimi 6,
Reykjavík.
Fastanr.: 222-1817.
Gerðarþoli (-ar): Lyngrimi ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Orkuveita Reykjavíkur-vatns
sf. og Reykjavíkurborg.
Fjárhæðir krafna í kr.: 99.465.

2014015507)

Heiti eignar: Safamýri 36,
Reykjavík.
Fastanr.: 201-4705.
Gerðarþoli (-ar): Haraldur Unason Diego og Gunnur
Árnadóttir.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Reykjavíkurborg.
Fjárhæðir krafna í kr.: 49.207.

2014015506)

Heiti eignar: Skipasund 24,
Reykjavík.
Fastanr.: 201-8085.
Gerðarþoli (-ar): Lilja Huld Steinþórsdóttir.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Reykjavíkurborg.
Fjárhæðir krafna í kr.: 113.457.

2014015505)

Heiti eignar: Smiðshöfði 7,
Reykjavík.
Fastanr.: 225-2241.
Gerðarþoli (-ar): Smiðshöfði 7 ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Orkuveita Reykjavíkur-vatns
sf. og Reykjavíkurborg.
Fjárhæðir krafna í kr.: 312.391.

2014015500)

<i>Heiti eignar:</i> Smiðshöfði 7, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 225-2238. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Smiðshöfði 7 ehf. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 471.696.	<i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 90.402.
2014015501)	2014015498)
<i>Heiti eignar:</i> Smiðshöfði 7, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 225-2235. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Smiðshöfði 7 ehf. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 650.170.	<i>Heiti eignar:</i> Sporhamrar 6, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 203-8715. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Hólmgeir Hallbert Kristmundsson. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf., Reykjavíkurborg og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 244.297.
2014015502)	2014015497)
<i>Heiti eignar:</i> Smiðshöfði 7, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 225-2231. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Smiðshöfði 7 ehf. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 439.998.	<i>Heiti eignar:</i> Starengi 20b, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 222-1564. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Stefanía Einarsdóttir. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 42.733.
2014015503)	2014015496)
<i>Heiti eignar:</i> Smiðshöfði 7, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 204-3058. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Smiðshöfði 7 ehf. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 437.248.	<i>Heiti eignar:</i> Stóragerði 27, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 203-3800. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Tryggvi Jónasson og Sigurlaug Kristín Hraundal. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 180.452.
2014015504)	2014015495)
<i>Heiti eignar:</i> Sogavegur 20, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 203-4414. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Alma Björk Hafsteinsdóttir. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 172.470.	<i>Heiti eignar:</i> Sundlaugavegur 18, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 201-8873. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Sigurður V. Dagbjartsson. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 62.208.
2014015499)	2014015494)
<i>Heiti eignar:</i> Sogavegur 74, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 203-4613. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Sigríður Guðmundsdóttir.	<i>Heiti eignar:</i> Viðarhöfði 6, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 225-8780. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> ATH eignir ehf. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 368.335.
	2014015492)
	<i>Heiti eignar:</i> Viðarhöfði 6, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 223-5997.

Gerðarþoli (-ar): ATH eignir ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Reykjavíkurborg.

Fjárhæðir krafna í kr.: 677.787.

2014015493)

Heiti eignar: Vindás 4,

Reykjavík.

Fastanr.: 205-3543.

Gerðarþoli (-ar): Eiríkur Bjarki Jóhannesson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Reykjavíkurborg.

Fjárhæðir krafna í kr.: 56.176.

2014015491)

Heiti eignar: Viðigrund 123812,

Mosfellsbæ.

Fastanr.: 221-8414.

Gerðarþoli (-ar): Hulda Jónasdóttir og Garðar Hreinsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 1.578.971.

2014015490)

Heiti eignar: Völvufell 44,

Reykjavík.

Fastanr.: 205-2228.

Gerðarþoli (-ar): Inga Rún Káradóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf., Reykjavíkurborg og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 274.984.

2014015489)

Heiti eignar: Ystasel 13,

Reykjavík.

Fastanr.: 205-4394.

Gerðarþoli (-ar): Daníel Rafn Guðmundsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf. og Reykjavíkurborg.

Fjárhæðir krafna í kr.: 411.698.

2014015488)

Heiti eignar: Þórsgata 20,

Reykjavík.

Fastanr.: 225-0979.

Gerðarþoli (-ar): Viðir Árnason.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Reykjavíkurborg.

Fjárhæðir krafna í kr.: 40.410.

2014015487)

Heiti eignar: Þrastarhöfði 41,

Reykjavík.

Fastanr.: 229-4894.

Gerðarþoli (-ar): HH invest ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Tollstjóri.

Fjárhæðir krafna í kr.: 466.492.

2014015486)

Heiti eignar: Þverársel 16,

Reykjavík.

Fastanr.: 205-4032.

Gerðarþoli (-ar): Rögnvaldur Þorkelsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Reykjavíkurborg.

Fjárhæðir krafna í kr.: 88.173.

2014015485)

Sýslumaðurinn í Reykjavík,

15. september 2014.

Sigríður Eysteinsdóttir
deildarstjóri.

(2014015484

Útgáfud.: 22. september 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skippholti 50d, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Vogasteinn ehf.,
kt. 420276-0289,
Krókavað 21, Reykjavík

Skiptafundur:

6. október 2014,
kl. 13.00

Reykjavík, 16. september
2014.

Sonja María Hreiðarsdóttir
hrl.

(2014015446

Útgáfud.: 22. september 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kringlunni 7, Reykjavík á neðangreindum tíma. Boðað er til framhaldsskiptafundar þar sem áætlað er að ljúka skiptum.

Þrotabú, nafn:

Straumbrot ehf.,
kt. 430904-2640,
síðasta heimilisfang:
Smiðjuvegi 4a, Kópavogi

Skiptafundur:

7. október 2014,
kl. 13.00

Reykjavík, 17. september
2014.

**Margrét Hafsteinsdóttir
hdl.**

(2014015463

Útgáfud.: 22. september 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kringlunni 7, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Boðað er til framhaldsskiptafundar þar sem áætlað er að ljúka skiptum.

Þrotabúi, nafn:

Jarðkraftur ehf.,
kt. 670199-2909,
síðasta heimilisfang:

Bakkasmára 13, Kópavogi

Skiptafundur:

7. október 2014,
kl. 11.00

Reykjavík, 17. september
2014.

**Margrét Hafsteinsdóttir
hdl.**

(2014015465

Útgáfud.: 22. september 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu dánarbúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Smáratorgi 3, 14. hæð, Kópavogi á neðangreindum tíma.

Dánarbúi, nafn:

Arna Björk Hjörleifsdóttir,
kt. 080965-5839,
síðasta heimilisfang:

Njarðarvöllum
Reykjanesbæ

Skiptafundur:

29. september 2014,
kl. 13.00

Kópavogi, 19. september
2014.

F.h. Þyríar Steingrímsdóttur
hrl.,

Kári Valtýsson hdl.

(2014015474

Útgáfud.: 19. september 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 24. júlí 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 10. september 2014.

Búskröfur 1.997.379 og veðkröfur fyrir utan lögveðskröfur

kr. 6.400.712 greiddust að fullu. Samþykktar forgangskröfur voru kr. 29.771.605 og upp í þær greiddust kr. 29.155.480. Ekkert fékkst upp í almennar kröfur sem voru kr. 66.783.531 né eftirstæðar kröfur sem voru kr. 543.381.

Nafn bús:

Sægarpur ehf.,
kt. 570700-2270,
Ártúni 5, Grundarfirði

Lýstar kröfur:

kr. 105.396.608

Borgarnesi, 10. september
2014.

Ingi Tryggvason hrl.

(2014015360

Útgáfud.: 19. september 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. júní 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 18. september 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

KG-Verktak ehf.,
kt. 680212-0580,
Vesturbergi 110, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 2.740.435

Reykjavík, 19. september
2014.

Björn L. Bergsson hrl.

(2014015388

Útgáfud.: 22. september 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 30. júní 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. september 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Kínamaðurinn ehf.,
kt. 420709-0560,
Strandgötu 7, Akureyri

Lýstar kröfur:

Búskröfur kr. 300.000,
forangangskröfur kr. 1.455.190,
almennar kröfur kr.
8.841.553 og eftirstæðar
kröfur kr. 40.860.

Akureyri, 16. september
2014.

**Sigmundur Guðmundsson
hdl.**

(2014015459

Útgáfud.: 22. september 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 23. desember 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 9. september 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

ÓE Fasteignir ehf.,
kt. 510708-0400,
Litluvöllum 7, Grindavík

kr. 12.690.891

Reykjavík, 9. september
2014.

**Margrét S. Hafsteinsdóttir
hdl.**

(2014015464

Útgáfud.: 23. september 2014

Auglýsing um skipulag - Strandabyggð

Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkti á fundi sínum 19. ágúst 2014 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi íþrótt- og þjónustusvæðis við Jakobínutún (Norðurtún) samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022 og nær yfir skilgreind svæði sem merkt eru S 11, S 12, S 13, O 4 og O 5. Mörk deiliskipulagsins eru Hafnarbraut í suðri, ásinn í vestri, efri mörk íþróttasvæðis og væntanlegt íbúðasvæði í Brandskjólum í norðri og íbúðabyggð við Skólalabraut og Vitabraut í austri. Markmið deiliskipulagsins er að uppfylla kröfur aðalskipulagsins, skilgreina lóðir og nýtingu þeirra. Lóðirnar Jakobínutún 3, 5 og 7, áður Norðurtún 1, 3 og 5, stækka með nýrri skilgreiningu á lóðum.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Strandabyggðar, Höfðagötu 3 á Hólmarvík og á heimasíðu Strandabyggðar, www.strandabyggd.is frá og með 23. september 2014 til og með 4. nóvember 2014. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 4. nóvember 2014. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Strandabyggðar,

Höfðagötu 3, 510 Hólmarvík, eða á netfangið strandabyggd@strandabyggd.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Hólmarvík, 18. september 2014.

Gísli Gunnlaugsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2014015671

Útgáfud.: 22. september 2014

Stefna - til viðurkenningar á faðerni

Sylvía Dúa Lopez,

kt. 241079-4149,

f.h. ólöggráða sonar síns,

Leo Thor Lopez,

kt. 171213-2580,

Heiðarholti 6-f, Reykjanesbæ,

gjörir kunnugt: Að hún þurfi f.h. barnsins, Leo Thors Lopez, kt. 171213-2580, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness á hendur Orniel Rojas Fernandez, fæddum 3. febrúar 1984, til heimilis að Lhícmajor 16A, Portixol, Palma de Mallorca á Spáni með kröfu um viðurkenningu á faðerni barnsins, Leo Thors Lopez, kt. 171213-2580.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi, Orniel Rojas Fernandez sé faðir hans. Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda einfalt meðlag með honum frá fæðingu til 18 ára aldurs hans, eins og það er ákveðið hverju sinni af Tryggingastofnun ríkisins. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnda að skaðlausu að mati dómsins eða skv. málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram við aðalmeðferð málsins ef til kemur, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Jóhannes Albert Kristbjörnsson hdl., Hafnargötu 35, Reykjanesbæ, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavextir: Málsatvik eru á þá leið að stefndi og móðir stefnanda kynntust á Spáni á árinu 2012 en hún átti lögheimili á Spáni á þeim tíma. Þau hófu eftir nokkur kynni náð og kynferðislegt samband. Þegar móðir stefnanda varð ófrísk í mars 2013 flutti hún á heimili stefnda að c/Lhícmajor 16A, Portixol, Palma de Mallorca á Spáni, án þess að þau hafi verið skráð í sambúð. Stefndi hafi virst mjög ánægður með sambandið og kvaðst á þeim tíma, að sögn móður stefnanda, vera tilbúinn að verða faðir í fyrsta sinn. Þegar móðir stefnanda var gengin rúmlega þrjá mánuði fóru að koma brestir í samband hennar og stefnda. Flutti hún út af heimili hans skömmu síðar og fyrr en varði vildi hann ekkert með hana né ófætt barn þeirra hafa.

Móðir stefnanda flutti til Íslands þegar langt var liðið á meðgönguna á grundvelli þeirra raka að á Íslandi ætti hún bakland og aðstoð í móður sinni og fjölskyldutengslum almennt hérlandis. Slíkt bakland var ekki til staðar á Spáni en öryggi barnsins tilvonandi var fyrir öllu, að hennar mati. Stefndi og stefnandi áttu aldrei sameiginlegt lögheimili á Spáni þó þau hafi verið kærustupar á getnaðartíma barnsins og búið saman á heimili stefnda hluta meðgöngunnar.

Stefnandi kveður að þungunin hafi verið sameiginleg ákvörðun þeirra og að þau hafi hlakkað mikið til að verða foreldrar. Á getnaðartíma barnsins hafði stefnandi eingöngu samfarir við stefnda, en enga aðra karlmenn og því kemur hann einn til greina varðandi faðerni barnsins.

Þegar leið á meðgönguna varð stefndi fráhverfur móður stefnanda og slitu þau samvistum þegar alllangt var liðið á meðgönguna. Í ljósi aðstæða ákváð móðir stefnanda að flytja búferlum til Íslands en þar býr stór hluti fjölskyldu hennar og stuðningsumhverfið mun traustara.

Stefnandi fæddist 17. desember 2013 og hlaut nafnið Leo Thor. Hann, sem ber kenninafn frá móður sinni, fæddist fullburða og með eðlileg þroskamarki nýbura. Með hliðsjón af því og hugsanlegum getnaðartíma piltsins, Leo Thors Lopez, stefnanda í málinu, þá telur móðir stefnanda að stefndi komi einn til greina sem líklegur faðir barnsins.

Móðir stefnanda hefur eftir fæðingu stefnanda reynt án árangurs að eiga í samskiptum við stefnda og sendi honum m.a. ljósmyndir af stefnanda með tölvupósti, skömmu eftir fæðingu stefnanda en engin svör hafa borist frá stefnda.

Móður stefnanda barst bréf frá Þjóðskrá Íslands, dags. 5. febrúar 2014. Í bréfinu er tilgreint að þar sem ekki hafi borist faðernisviðurkenning lýsts föður, stefnda í máli þessu, sé móður stefnanda veittur þriggja vikna frestur til að afla faðernisviðurkenningar annars verði málið sent víðeigandi sýslumannsembætti til meðferðar.

Móðir stefnanda leitaði til embættis sýslumannsins í Keflavík og óskaði þess að faðernisviðurkenningar yrði krafist af stefnda. Þann 26. mars 2014 sendi Rakel Þráinsdóttir, löglerður fulltrúi sýslumanns, beiðni til stefnda um faðernisviðurkenningu á skráð heimilisfang hans. Svar barst ekki fyrir eindaga beiðinnar, 1. maí 2014 og sendi sýslumannsembættið móðir stefnanda bréf, dags. 2. maí 2014, tilkynningu um frávisun máls.

Gerðar hafa verið ítrekaðar tilraunir til að afla nýrra upplýsinga um núverandi dvalarstað stefnda, án árangurs, þrátt fyrir að hann sé í farbanni samkvæmt upplýsingum sem móður stefnda bárust frá Spáni. Stefnanda er því nauðugur einn kostur að höfða faðernismál með birtingu stefnu í Lögbirtingablaði til að staðfesta faðerni barnsins. Með vísan til framangreinds telur stefnandi sér því ekki annað fært en að höfða dómsmál til staðfestingar á faðerni sínu.

Málsástæður og lagarök: Mál þetta er höfðað á grundvelli II. kafla barnalaga nr. 76/2003, en stefnanda er nauðugur einn kostur að höfða faðernismál svo unnt sé að feðra hann. Krafa stefnanda um viðurkenningu á faðerni sínu styðst við þá skyldu sem hvílir á móður barns til að feðra barn sitt skv. 1. gr. barnalaga. Þar er stefnt að þeim rétti barns að þekkja báða foreldra sína en um þann rétt er einnig mælt fyrir um í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Kröfu sína styður stefnandi einnig við 4. gr. barnalaga en grundvallarskilyrði þess að hægt sé að hafa uppi málsókn um faðernisviðurkenningu með þessum hætti, er að barnið sjálft eða móðir þess stefni þeim manni eða mönnum sem eru taldir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnalaga. Skv. framangreindum málsatvikum er það skilyrði uppfyllt að móðir stefnanda telji að stefndi geti verið faðir barnsins.

Hér ber að líta til þess að miklir þjóðfélagslegir hagsmunir eru í því fölgir að faðerni barna sé leitt í ljós og ákvarðað. Hafa ber í huga að barnið sjálft hefur af því ríka hagsmuni að vera réttilega feðrað og kemur hér til að mynda til

skoðunar réttur barnsins til umgengni við foreldra sína og umsjár þeirra, auk fjárhagslegra hagsmuna sem þessu eru tengdir. Hér er ætlunin að leita sannleikans um hver sé faðir barnsins og eru því ekki síst hagur og heill barnsins hér í húfi.

Málsaðild fer hér skv. 10. gr. barnalaga, þar sem stefnandi málsins er barnið sjálft, Leo Thor Lopez. Varðandi lögsögu og varnarþing vísast til 8. og 9. gr. barnalaga, sbr. 32. gr. laga nr. 91/1991 um einkamál. Um stefnubirtingu og frest er vísað til 83. og 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Eftir að mál þetta verður þingfest verður farið þess á leit með vísan til 15. gr. barnalaga nr. 76/2003 að dómari ákveði með úrskurði að blóðrannsókn verði gerð á aðilum máls og barninu og enn fremur sérfræðilegar kannanir, þar á meðal mannfæðisfræðilegar rannsóknir. Er þess óskað að rannsókn verði gerð í þessu skyni á lífsýnum móður stefnanda, stefnanda og stefnda.

Krafan um greiðslu málskostnaðar styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og 11. gr. barnalaga sem kveður á um að þegar barn er stefnandi máls skuli greiða þóknun lögmanns stefnanda, svo og annan málskostnað, sem dómari ákveður úr ríkissjóði. Hins vegar styðst krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1998 um virðisaukaskatt, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt vegna þjónustu sinnar. Stefnandi máls þessa er ekki virðisaukaskyldur og er honum því nauðsyn að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefnda.

Framlögð gögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn til stuðnings kröfum sínum:

1. Frumrit stefnu.
2. Skjalaskrá.
3. Útþrentun úr Lögbirtingablaði því er stefna þessi birtist í.
4. Fæðingarvottorð frá Þjóðskrá Íslands, dags. 27. desember 2013.
5. Bréf Þjóðskrár Íslands, frestur veittur til að skila inn faðernisviðurkenningu, dags. 5. febrúar 2014.
6. Yfirlýsing móður um faðerni barns og faðernisviðurkenning, dags. 17. mars 2014.
7. Bréf sýslumannsins í Keflavík, „paternity recognition“ til lýsts föður, dags. 26. mars 2009.
8. Bréf sýslumannsins í Keflavík, tilkynning um frávisun máls, dags. 2. maí 2014.

Skýrslur fyrir dómi og áskilnaður: Við aðalflutning málsins er áskilinn réttur til að leiða fyrir dóm hvern þann, sem varpað getur ljósi á málsatvik. Áskilnaður er gerður um rétt til frekari reifunar málsins, öflunar gagna og til að bera fram nýjar málsástæður og mótmæli á síðari stigum málsins, þar á meðal við aðalflutning þess, ef tilefni verður til.

Stefna og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Orniel Rojas Fernandez, fæddum 3. febrúar 1984, til heimilis að Lhícmajor 16A, Portixol, Palma de Mallorca á Spáni til að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjaness sem háð verður í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 22. október 2014 kl. 09:00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar að hlýða og leggja fram gögn af sinni hálfu. Mæti stefndi ekki má hann búast við að útivistardómur geti gengið

í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.
Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjanesbæ, 16. september 2014.
F.h. stefnanda,
Jóhannes Albert Kristbjörnsson hdl.

(2014015457

Útgáfud.: 22. september 2014

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Héraðsdómarinn á Vestfjörðum,

Sigríður Elsa Kjartansdóttir,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Kristján Óskar Ásvaldsson hdl., Hafnarstræti 19, Ísafirði, fyrir hönd dánarbús Bernharðs Hjaltalíns, kt. 250149-3529, Vallhólmi 22, Kópavogi, að höfða þurfi mál fyrir héraðsdómi Vestfjarða til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 1.599.624, útgefnu á Ísafirði af stefnanda 8. mars 1999, tryggt með veði í Mánagötu 4, Ísafirði, íb. 01-0101, fnr. 211-9996.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður málavexti vera þá að Bernharð Hjaltalín, kt. 250149-3529, hafi gefið út skuldabréfið á Ísafirði, 8. mars 1999 til handhafa. Bréfið hafi verið að fjárhæð kr. 1.599.624. Lánstími bréfsins var til 5 ára, af bréfinu átti að greiða með sextíu jöfnum greiðslum með gjalddögum 15. hvers mánaðar, gjalddagi fyrstu afborgunar átti að vera 15. maí 1999 og í vexti skyldu greiðast 5% ársvextir. Til tryggingar skuldinni hafi fasteignin Mánagötu 4, Ísafirði, íb. 01-0101, fnr. 211-9996, verið veðsett.

Stefnandi segir að Bernharð Hjaltalín, kt. 250149-3529, hafi látist 7. júní 2014, í kjölfarið hafi erfingjar Berharðs fengið leyfi til einkaskipta frá sýslumanninum í Kópavogi. Stefnandi kveðst vera eigandi veðsins og að Bernharð Hjaltalín hafi ekki gefið skuldabréfið út heldur sjálfur haft veðskuldabréfið í förum sínum en nú sé það glatað og hafi það eigi fundist þrátt fyrir mikla leit. Sé dánarbúinu því nauðsynlegt að fá bréfið ógilt með dómi svo afmá megi veðið af ofangreindri eign.

Lagarök: Stefnandi visar til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing visar stefnandi til 2. tl. 120. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst leggja fram máli sínu til sönnunar eftirtalin gögn: Stefnu þessa, beiðni um útgáfu ógildingarstefnu, staðfest ljósrit af veðskuldabréfinu, veðbókavottorð og lögbirtingablað þar sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim er kann að hafa framangreind veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim til þess að mæta í héraðsdóm Vestfjarða sem haldinn verður í dómsal embættisins að Hafnarstræti 9, Ísafirði, 5. nóvember 2014, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfanna, þar sem ella má búast við að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er

einn mánuður.

Ísafirði, 8. september 2014.
Sigríður Elsa Kjartansdóttir.

(2014015458

Útgáfud.: 22. september 2014

Stefna - f.h. Háskólagarða ehf.

Háskólagarðar ehf.,

kt. 551107-2800,

Grænásbraut 910, Reykjanesbæ

gjörir kunnugt: Að félagið þurfið að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness á hendur Magnúsi Daða Magnússyni, kt. 300572-5459, óstaðsettur í hús, til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 970.554, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001,

af kr. 96.740 frá 1. maí 2012 til 1. júní 2012,
af kr. 194.150 frá 1. júní 2012 til 1. júlí 2012,
af kr. 291.538 frá 1. júlí 2012 til 1. ágúst 2012,
af kr. 389.359 frá 1. ágúst 2012 til 8. nóvember 2012,
af kr. 487.959 frá 8. nóvember 2012 til 1. desember 2012,
af kr. 586.796 frá 1. desember 2012 til 1. júní 2013,
af kr. 706.885 frá 1. júní 2013 til 1. júlí 2013,
af kr. 827.184 frá 1. júlí 2013 til 1. september 2013,
af kr. 947.273 frá 1. september 2013 til 1. október 2013,
af kr. 970.554 frá 1. október 2013 til greiðsludags.

Inná skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: 12. febrúar 2013 kr. 100.000,00; 16. apríl 2013 kr. 100.000,00; og dragast þær frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi. Innborgunum er fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til innheimtukostnaðar fyrir löginheimtu í samræmi við heimildir.

Stefndi er óstaðsettur í hús samkvæmt upplýsingum þjóðskrár og þrátt fyrir mikla eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga númer 91/1991.

Málflutningsumboð: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er Háskólagarðar ehf., miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, sem sér um útleigu íbúða ásamt fleiru. Krafan er vegna ógreiddrar húsaleigu fyrir maí til desember 2012 og frá júní til september 2013, auk reiknings vegna lokaþrifa við skil á íbúð vegna íbúðar að Grænásbraut 1221-3A, með fastanr. 230-4802, íbúð 02-0301 sem stefndi leigði af stefnanda. Krafan er byggð á framlögðum gögnum og sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	01.05.2012	01.05.2012	96.740
2.	01.06.2012	01.06.2012	97.410

3.	01.07.2012	01.07.2012	97.388
4.	01.08.2012	01.08.2012	97.821
5.	08.11.2012	08.11.2012	98.600
6.	01.12.2012	01.12.2012	98.837
7.	01.06.2013	01.06.2013	120.089
8.	01.07.2013	01.07.2013	120.299
9.	01.09.2013	01.09.2013	120.089
10.	01.10.2013	01.10.2013	23.281

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 970.554, sem er stefnufjárhæðin í máli þessu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum stefnda við stefnanda er sá dagur sem fram kemur hér að ofan og er stefnufjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

Inná skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: 12. febrúar 2013 kr. 100.000,00; 16. apríl 2013 kr. 100.000,00; og dragast þær frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi. Innborgunum er fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls. Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi hefur gert tilraunir til innheimtu krafna sinna hjá stefnda fyrir löginneheimtu, eins og framlagt yfirlit ber með sér. Því er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefnanda af innheimtuviðvörun og milliinnheimtu í samræmi við framlagt yfirlit.

Lagatíðvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram hreyfingalista, reikning, húsaleigusamning, innheimtuviðvörun, innheimtubréf lögmans stefnanda, yfirlit um innheimtukostnað fyrir löginneheimtu og ljósrit Lögbirtingablaðs er stefna þessi birtist í til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 1 í húsnæði héraðsdómsins, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 29. október 2014, kl. 09:00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 25. ágúst 2014.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Leifur Árnason hdl.

(2014015467

Útgáfud.: 23. september 2014

Stefna - f.h. Vátryggingarfélag Íslands hf.

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Stefndi: Guðmundur Björgvin Baldursson, kt. 091166-3809, Máritíus.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Anna Svava Þórðardóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 20.819, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 2.010 frá 1. september 2012 til 1. september 2013, af kr. 20.819 frá 1. september 2013 til greiðsludags.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefnda í fasteigninni Hólavegur 8, Fjallabyggð, fnr. 213-0419. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalmeðferð málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á framlögðum vátryggingarskírteinum vegna brunatryggingar húseignar fyrir árin 2012 og 2013. Krafan sundurliðast svo:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	01.09.2012	01.09.2012	2.010
2.	01.09.2013	01.09.2013	18.809

Samtals gera þetta kr. 20.819 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er skv. vátryggingarskírteini vegna brunatryggingar húseignar fyrir fasteign stefnda að Hólavegi 8, Fjallabyggð, fnr. 213-0419. Um er að ræða iðgjald vátryggingar fyrir árin 2012 og 2013. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti í fasteign stefnda til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um brunatryggingar nr. 48/1994.

Stefndi hefur skráð lögheimili í Marítíus skv. þjóðskrá. Þrátt fyrir eftirgrennslan er stefnanda ókunnugt um dvalarstað stefnda og hefur því ekki tekist að birta honum, sbr. framlögð tölvupóstssamskipti við embætti sýslumannsins í Keflavík. Á stefnandi því ekki annarra kosta vöð en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991. Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatíðvísanir: Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og

lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar einkum 7. gr. laganna. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefnandi á 7. gr. laga nr. 48/1994. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Vátryggingarskírteini vegna brunatryggingar húseigna, afrit innheimtuviðvörunar, útskrift úr Fasteignaskrá Íslands, veðbandayfirlit, upplýsingar úr þjóðskrá, bréfasamskipti við embætti sýslumannsins í Keflavík, útprentun úr Lögbirtingablaði því er stefna birtist í og málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Norðurlands eystra, á dómþingi sem haldið verður að skrifstofu héraðsdómsins, Hafnarstræti 107, Akureyri, þann 30. október 2014, kl. 13.30, og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 15. september 2014.
F.h. stefnanda,
Anna Svava Þórðardóttir hdl.

(2014015696

Útgáfud.: 23. september 2014

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness,

Þorgeir Ingi Njálsson,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Ásta Björk Eiríksdóttir héraðsdómslögmaður á Lögfræðistofu Suðurnesja ehf., Hafnargötu 51-55, Keflavík, að hún þurfi f.h. þjónustustofunnar ehf., kt. 580996-2999, Grundargötu 30, Grundarfirði, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Þess er krafist að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, útgefið af Páli Guðfinni Harðarsyni, kt. 060754-7569, Klettási 3, Reykjanesbæ, til handhafa, dags. 5. september 2011. Um er að ræða veðskuldabréf sem upphaflega var að fjárhæð 10.000.000 kr. og hvílir á 3. veðrétti fasteignarinnar að Klettási 3, Reykjanesbæ, fastanr. 226-9638. Veðskuldabréfi þessu var þinglýst þann 5. september 2011 hjá embætti Sýslumannsins í Keflavík.

Fyrirsvar: Ásta Björk Eiríksdóttir, hdl., fer með mál þetta f.h. stefnanda.

Málsástæður: Stefnandi hefur verið handhafi viðkomandi veðskuldabréfs allt frá útgáfu þess. Þrátt fyrir ítrekaða leit hefur veðskuldabréfið ekki fundist og því stefnanda ókleift að innheimta lögmatar afborganir samkvæmt því. Stefnanda er því nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi svo hefja megi innheimtu afborgana á þeim grundvelli. Samkvæmt bréfinu er lánstími 20 ár og afborganir greiddar á 12 mánaða fresti. Gjaldldagi fyrstu afborgunar var dags. 1. september 2012.

Lagarök: Stefnandi kveður mál þetta höfðað með heimild í XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og vísar einkum til 120. og 121. gr. nefndra laga.

Framlögð gögn: Við þingfestingu málsins verði lögð fram eftirtalin gögn:

1. Stefna þessi.
2. Ljósrit veðskuldabréfs þess, sem krafist er ógildingar á.
3. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, miðvikudaginn 29. október 2014, kl. 9:00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinni til veðsamningsins. Ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu veðsamningsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, 11. september 2014.
Héraðsdómur Reykjaness,
Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri.

(2014015706

Lögbirtingablað,

78. tölublað 2014.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.